



Iðnaðarráðuneytið
Arnarhváli
150 Reykjavík
BT Ingvi Már Pálsson

Reykjavík, 11. nóvember 2011

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að WACC reglugerð

Samtök iðnaðarins (SI) þakka fyrir það tækifæri að fá að gera athugasemdir við drög að nýrri reglugerð um mat á vegnum fjármagnskostnaði sem viðmið við ákvörðun tekjumarka í raforkudreifingu. Félagsmenn í SI eru kaupendur af um 80% af þeirri raforku sem framleidd er í landinu og sanngjörn og eðlileg verðlagning á flutningi og dreifingu er mikið hagsmunamál.

SI taka undir það grundvallarsjónarmið sem sett er fram í lögnum að nota veginn fjármagnskostnað við útreikning á tekjumörkum fyrir flutningsfyrirtækið. SI gera hins vegar nokkrar veigamiklar athugasemdir við reglugerðardrögin sem geta haft mikil áhrif á hvernig eiginlegur fjármagnskostnaður kemur út og þar með verðlagning á flutningi raforku.

Eiginfjárlutföll

SI gera einnig athugasemdir við að sama fyrirtækið sé með tvö mismunandi markmið um eiginfjárlutfall, þ.e. mismunandi tekjumörk eftir því hvort raforka er flutt til stórnotenda eða almennra notenda. Stendur til að innheimta hærri arð af flutningi raforku til stórnotenda, t.d. á grundvelli þess að slík starfssemi sé áhættumeiri? Þetta atriði þarf að skýra vandlega út og SI telur að fullmikið vald sé falið hinum sérfróðu aðilum.

Áhættulausir vextir

Hingað til hefur verið notast við 5 ára vexti við ákvörðun viðmiðunarvaxta. Í 2. grein reglugerðarinnar er lagt til að þessu verði breytt í 10 ára tímabil. Þessu mótmæla Samtökin. 10 ára vextir eru að jafnaði hærri en 5 ára vextir. Engin sérstök rök eru færð fyrir þessari breytingu og löggjafinn gaf í lögnum ekkert í skyn um lengingu viðmiðunarvaxta í 10 ár. Einnig er rétt að benda á að tekjumörkin eru ákvörðuð til fimm ára í senn og því eðlilegt að styðjast við sömu tímalengd í viðmiðunarvexti. SI leggja því áherslu á að notast verði við 5 ára viðmiðunarvexti.

Ennfremur má spyrja sig um skynsemi þess að nota áhættuálag ríkissjóðs á sama tíma og sáralítil ný-eða endurfjármögnun á sér stað auk þess sem viðskipti með áhættuálag (CDS) eru strjál og markaðurinn ekki mjög virkur. Með þessari framsetningu er eingöngu horft á jaðarfjármögnunarkostnað en ekki tekið tillit til kostnaðar af núverandi lánum. Þetta kann að valda óþarflega miklum sveiflum í tekjumörkum. Hjá Statnet í Noregi er ekki farin þessi leið heldur er miðað

við 40% sögulegan kostnað og 60% „benchmark“ hjá sambærilegum fyrirtækjum. Eðlilegt er að velta upp hvort slík aðferð sé ekki heppilegri og líklegri til að stuðla að stöðugleika í tekjumörkum.


Ábyrgðargjald eigenda

At mati SI er óljóst hvernig þetta atriði er hugsað. Ekki getur talist rétt að taka tillit til ábyrgðargjalds, nema fyrirtækin verði borin saman við fyrirtæki sem njóta svipaðrar ábyrgðar. Annars er hætt á því að þeim verði reiknuð hærri áhætta og því hærri tekjumörk en efni standa til vegna þess að áhættan er ofmetin, en jafnframt bætt við ábyrgðargjaldi, þannig að fyrirtækið fengi því áhættuálagið tvöfalt inn. Þannig að huga þarf að samspili ábyrgðargjalds til eigenda og vaxtaálags. Hætta er á að álag verði reiknað tvisvar inn, annars vegar með sérstakri ákvörðun um ábyrgðargjald og hins vegar ef valinn er samanburðartala fyrir vaxtaálag frá fyrirtækjum sem eru ekki í sambærilegu rekstrarumhverfis, þ.e. með ríkisábyrgð. SI leggur áherslu á að með reglugerðinni verði komið í veg fyrir að þetta geti gerst.

Vaxtaálag

Þegar kemur að vaxtaálagi fyrir flutningsfyrirtæki og dreifiveitur þarf að tryggja að samanburðartalan komi frá fyrirtækjum í sambærilegum rekstri, þ.e. fyrirtækja í sérleyfisskyldri starfsemi, en ekki fyrirtækja í samkeppnisstarfsemi eða blandaðri starfsemi. Að sama skapi fyrirtæki sem starfa eftir reglun sem er þeim ekki óhagstæðari en íslenska löggjöfin. Hið sama á auðvitað við um álag á eigið fé. Vanda þarf valið á viðmiðunarhópum og þekkja rekstrarumhverfi þeirra og horfa til mismunandi aðstöðu fyrirtækja í Evrópu og Bandaríkjunum. Í fljótu bragði er skyldleikinn við Evrópu meiri en vænta má að í Bandaríkjunum séu hópar fyrirtækja sem starfa í svipuðu reglugerðarumhverfi. Lagt er til að leiðbeiningar um þetta verði í reglugerðinni.

Virðingarfyllst,



Bjarni Már Gylfason
Hagfræðingur SI



Bryndís Skúladóttir
Forstöðumaður umhverfismála